



# Tóbakseftirlit 23.maí – 2.ágúst 2017

Heilbrigðiseftirlit Hafnafjarðar- og Kópavogssvæðis

Ágúst, 2017

## Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b> .....	1
<b>Framkvæmd eftirlits</b> .....	1
<b>Niðurstöður</b> .....	2
<b>Sýnileiki tóbaks og reykfæra</b> .....	2
<b>Aldur einstaklinga við afgreiðslustörf</b> .....	3
<b>Merkingar fyrir aldurstakmarkanir kaupenda</b> .....	3
<b>Fyrirkomulag við sölu tóbaks</b> .....	4
<b>Rafsígarettur</b> .....	4
<b>Samantekt</b> .....	5
<b>Sýnileiki tóbaks</b> .....	5
<b>Sýnileiki reykfæra</b> .....	5
<b>Aldur starfsfólks</b> .....	5
<b>Merkingar fyrir aldurstakmarkanir kaupenda</b> .....	6
<b>Rafsígarettur</b> .....	7

## Inngangur

Markmið laga um tóbaksvarnir nr. 6/2002 er að draga úr heilsutjóni og dauðsföllum af völdum tóbaks með því að minnka tóbaksneyslu og vernda fólk fyrir áhrifum tóbaksreyks. Auk þess miðar löggjöfin að því að stuðla að aukinni lýðheilsu með því að minnka neyslu tóbaks og verja fólk fyrir áreiti tóbaks á daglegt líf.


Til að selja tóbak í smásölu þarf sérstakt leyfi heilbrigðisnefndar á viðkomandi eftirlitssvæði. Slíkt leyfi er veitt til fjögurra ára í senn. Einstaklingar eða lögaðilar sem fullnægja almennum skilyrðum laga um verslunarvinnu nr. 28/1998, geta sótt um leyfi til tóbakssölu og hafið sölu að lokinni úttekt heilbrigðiseftirlits á söluaðstöðu. Heimild er fyrir gjaldheimtu fyrir slíka leyfisveitingu og framkvæmd reglubundins eftirlits með starfsemi leyfishafa.

Rafsígarettur, einnig kallaðar rafrettur eða „vape“, eru nýlegur og algengur staðgengill hefðbundinna tóbakssígarettna. Velferðarráðherra lagði fram lagafrumvarp á 164. löggjafarþingi 2016-2017, þ.e. þingmál nr. 431 um breytingu á lögum um tóbaksvarnir, nr. 6/2002, varðandi rafsígarettur. Frumvarpið var óútrætt þegar löggjafarþingi var frestað 1. júní 2017. Í frumvarpinu eru reglur varðandi heimildir til sölu, markaðssetningu og neyslu á rafsígarettum. Höfð var hliðsjón af ákvæðum frumvarpsins við vettvangsskoðun.

## Framkvæmd eftirlits

Reglubundið tóbakseftirlit er að jafnaði tvisvar á ári og tilfallandi eftirlit þess á milli. Á tímabilinu 23.maí til 19.júlí 2017 var farið í reglubundið eftirlit á 47 skráða sölustaði. Af þeim aðilum höfðu tveir hætt rekstri og 1 staður ekki byrjaður að selja tóbak þrátt fyrir að hafa til þess tóbaksöluleyfi og var því um að ræða 44 virka sölustaði.

Frá árinu 2007 til ársins 2017 hefur sölustöðum tóbaks á eftirlitssvæðinu fækkað úr 70 í 44, eða um tæp 40%, að þeim frátöldum sem ekki selja tóbak þrátt fyrir að hafa leyfi, sjá mynd 1. Á sama tímabili, þ.e. 2007-2016 hefur íbúum á eftirlitssvæðinu fjölgað úr 65.671 í 79.108, eða um 20%.



1. Mynd: Breyting á fjölda sölustaða tóbaks frá 2007 til 2017. Appelsínugult táknar leyfishafa sem ekki selja tóbak.

Í eftirliti er kannað hvort útsölustaðir tóbaks fari að gildandi lögum og reglum, almennar upplýsingar veittar og stuðlað að virkri umræðu milli eftirlitsaðila og söluaðila, sem hefur mikilvægt forvarnargildi.

Við eftirlit var farið yfir helstu atriði laga um tóbaksvarnir, nr. 6/2002, og reglugerðar um smásölu tóbaks, nr. 325/2007, með rekstraraðilum eða fulltrúum þeirra.

Þrjú meginatriði voru höfð til hliðsjónar við eftirlit:

1. Tóbak og vörumerkjum tóbaks skal komið þannig fyrir á sölustöðum að það sé ekki sýnilegt viðskiptavinum.
2. Einungis þeir sem hafa náð 18 ára aldri mega selja tóbak.
3. Leyfishafi skal hafa uppi á sýnilegum stað merkingar sem segja til um aldurstakmarkanir kaupenda tóbaks.

Við eftirlitið var farið yfir þá ábyrgð sem fylgir því að selja tóbak. Viðmælendum var gerð grein fyrir mikilvægi þess að hafa skilti til staðar sem segir um aldurstakmarkanir og óska eftir skilríkjum í þeim tilfellum þar sem vafi leikur á um aldur kaupenda. Einnig var farið fyrir mikilvægi þess að takmarka aðgang ungmenna undir 18 ára aldri að tóbaki og mikilvægi þess að takmarka beina og óbeina aðkomu ungmenna í söluferli. Rekstraraðilar og fulltrúar þeirra brugðust vel við eftirliti og virtust í flestum tilfellum vel meðvitaðir um þá ábyrgð sem hvílir á þeim sem söluaðilum tóbaks.


## Niðurstöður

### Sýnileiki tóbaks og reykfæra

Samkvæmt 7. gr. laga um tóbaksvarnir, nr. 6/2002, skal tóbaki og vörumerkjum tóbaks komið þannig fyrir á sölustöðum að það sé ekki sýnilegt viðskiptavinum. Af 44 sölustöðum var tóbak sýnilegt í 4 tilfellum en reykfæri sýnileg í 8 tilfellum, sjá myndir 2 og 3. Ýmist eru notaðir veggfestir skápar með rennihurðum, skúffur eða hefðbundnir skápar.




2. mynd: Sýnileiki tóbaks. Tóbak var sýnilegt í 4 tilfellum af 44.



3. mynd: Sýnileiki reykfæra. Reykfæri voru sýnileg í 8 tilfellum af 44.

### Aldur einstaklinga við afgreiðslustörf


Samkvæmt 8. gr. laga um tóbaksvarnir nr. 6/2002, mega þeir einir sem hafa náð 18 ára aldri selja tóbak. Við eftirlit var kannað hvort starfsfólk undir 18 ára aldri væri við afgreiðslustörf á sölustöðum. Af þeim 44 sölustöðum sem fengu eftirlit höfðu starfsmenn undir 18 ára aðkomu að tóbakssölu í 9 tilfellum, sjá mynd 5. Í einu tilfalli var um að ræða beina sölu, þar sem starfsmaður yngri en 18 ára afgreiddi tóbak sjálfur. Í öðrum tilfellum hafði rekstraraðili látið starfsmann yngri en 18 ára starfa í afgreiðslu þar sem tóbak er afgreitt, og þ.a.l. veitt honum aðgang að tóbakinu. Ábyrgð var þannig varpað á ólögráða starfsmann um að sjá til þess að viðskiptavinir gætu fengið tóbak afgreitt ef um það væri beðið. Fyrirkomulagið er í báðum tilvikum brot á tóbaksvarnalögum.



5. mynd: Aðkoma starfsmanna undir 18 ára að sölufæri tóbaks. Í 9 tilfellum af 44 voru starfsmenn undir 18 ára settir í þá aðstöðu að koma að sölufæri tóbaks.

### Merkingar fyrir aldurstakmarkanir kaupenda


Samkvæmt 8. gr. laga um tóbaksvarnir, nr. 6/2002, má hvorki selja né afhenda tóbak einstaklingum yngri en 18 ára. Bann þetta skal auglýst með áberandi hætti þar sem tóbak er selt. Af þeim 44 virkum sölustöðum tóbaks sem fengu eftirlit vantaði slíkar merkingar í 7 tilfellum, sjá mynd 4.



4. mynd: Frávik vegna merkinga um sölubann tóbaks til ungmenna. 7 tilfelli af 44 voru ekki í lagi.

### Fyrirkomulag við sölu tóbaks

Oft kjósa söluaðilar að aðskilja sölu tóbaks frá almennri vöru, með þeim hætti að selja tóbak á völdum afgreiðslukössum eða þjónustuborðum. Í matvöruverslunum er oft notast við valda afgreiðslukassa eða þjónustuborð til tóbakssölu en söluturnar og krár hafa ekki notað slíka aðgreiningu. Af 44 virkum sölustöðum seldu 26 staðir á öllum stöðum, þ.e. aðgreindu ekki tóbaksafgreiðslu frá almennri söluaðstöðu, sjá mynd 6.p



6. mynd: Aðgreining tóbaksafgreiðslu frá almennri söluaðstöðu. Í 26 tilfellum af 44 var tóbak ekki með afmarkaðan afgreiðslustað.

### Rafsígarettur


Þar sem nýtt frumvarp um rafsígarettur var til umræðu á löggjafarþingi Alþingis 2016-2017, var einnig skráð niður hve oft rafsígarettur og fylgihlutir þeirra voru til sölu og sýnilegir. Sex fyrirtæki af 44 seldu rafsígarettur og voru þær í öllum tilfellum sýnilegar. Á einum stað voru rafsígarettuvörur auglýstar sérstaklega.

## Samantekt

### Sýnileiki tóbaks

Samkvæmt niðurstöðum eftirlits var tóbak sýnilegt á 4 stöðum, eða í 9% tilvika. Þó er vert að minnast á að erfitt er að nota stakt eftirlit til að meta sýnileika tóbaks yfir lengra tímabil, nema á þeim stöðum þar sem tóbaksskápurnir er þannig settur upp að tóbakið sjáist ekki þótt skápurinn sé opinn.


Á árunum 2007-2017 hefur sýnileiki tóbaks í eftirliti verið breytilegur, allt frá því að vera sýnilegt á 1 stað (2011) upp í að vera sýnilegt á 10 stöðum (2014), sjá mynd 7.



7. mynd: Sýnileiki tóbaks árin 2007-2017. Hefur verið sýnilegt á allt frá 1 upp í 10 sölustöðum á eftirlitssvæðinu.

### Sýnileiki reykfæra

Reykfæri voru sýnileg á 8 sölustöðum, eða í 18% tilfella. Breytingin hefur því verið svipuð og með sýnileika tóbaks en við eftirlit á árunum 2014-2017 hafa reykfæri verið sýnileg á 6 til 15 sölustöðum, sjá mynd 8. Við eftirlit kom fram að í nokkrum tilfellum höfðu söluaðilar hætt útstillingu reykfæra á borðum og fært þau niður í skúffur eftir ábendingar um frávík. Því er ljóst að virkt tóbakseftirlit er mikilvægt.




8. mynd: Sýnileiki reykfæra árin 2014-2017.

### Aldur starfsfólks

Á 9 sölustöðum voru ungmenni þ.e. yngri en 18 ára látin hafa aðkomu að sölu tóbaks eða í 20% tilvika. Í einu tilviki var um að ræða beina aðkomu þ.e. starfsmaður yngri en 18 ára afgreiddi sjálfur tóbak og gerði heilbrigðiseftirlitið við það alvarlega athugasemd. Í hinum var um að ræða óbeina aðkomu, þar sem starfsmaður yngri en 18 ára var við afgreiðslu þar sem tóbak var afgreitt og ætlast

til þess að hann bæri sjálfur ábyrgð á því að selja ekki tóbak til viðskiptavina. Slík framkvæmd er brot á lögum um tóbaksvarnir, nr. 6/2002, og leikur þar enginn vafi á í ljósi afdráttarlausrar afstöðu Velferðarráðuneytisins þess efnis.

Á árunum 2007-2017 hefur bein aðkoma starfsfólks yngra en 18 ára að tóbakssölu minnkað verulega en óbein aðkoma er enn nokkur, sbr. mynd 9.




9. mynd: Aðkoma starfsmanna yngri en 18 ára að sölu tóbaks 2007-2017. Í eftirlitsgögnum hefur hingað til ekki verið gerður greinarmunur á beinni eða óbeinni aðkomu starfsmannsins, þ.e. hvort hann selji sjálfur eða kalli til eldri starfsmann. Mögulegt er að ekki hafi alltaf verið ljóst hvort svör ættu við beina og/eða óbeina aðkomu ungmenna að söluferlinu.

## Merkingar fyrir aldurstakmarkanir kaupenda

Skilti með upplýsingum um aldurstakmarks við tóbakssölu vantaði á 7 sölustöðum, eða í 16% tilvika, og var óbreytt frá fyrra eftirliti árið 2017. Samtal við söluaðila leiddi í ljós að í sumum tilföllum höfðu slíkar merkingar gengið úr sér með tímanum eða týnst við flutninga og breytingar og söluaðili ekki vitað hvar hann gæti nálgast nýjar. Einnig var 1 tilfelli þar sem varúðarmerking var á skilti sem var með öðrum skilaboðum á og voru þær varúðarmerkingar ekki áberandi. En þar gætti misskilnings og var það lagað. Útveguð voru varúðarmerkingar eða bent á hvar væri hægt að nálgast þær á þeim stöðum sem vantaði á.

Mikil framför hefur orðið síðan 2007, þegar skilti vantaði á 23 sölustöðum, sjá mynd 10.



10. mynd: Frávik á uppsetningu skilta sem tilkynna aldurstakmark við tóbakssölu á árunum 2007-2017.



## Rafsígarettur

Gera má ráð fyrir aukningu á sölu rafsígarettna og fylgihlutum þeirra í samræmi við aukna notkun rafsígarettna í samfélaginu. Enn gilda engin lög um rafsígarettur.

Í þessu eftirliti var í fyrsta skiptið fylgst með sölu og framsetningu rafsígarettna. Voru þær til sölu á sex sölustöðum og sýnilegar á þeim öllum. Einnig voru rafsígarettuvörur auglýstar sérstaklega á einum sölustað.